

## Sýningar

### Ásmundarsalur

Freyjugötu 41

Par stendur yfir sýning á málverkum eftir Tuma Magnússon. Verkin á sýningunni eru olíumálverk unnin með spraututækni á striga. Sýningin stendur til 10. desember.

### Café 17

Laugavegi 91

Par stendur yfir sýning á ljósmyndum eftir Jón Pál Vilhelmsson tiskuljósmyndara. Sýningin er opin á opnunartíma Sautján og stendur yfir til 15. desember.

### Gallerí Art-Hún

Stangarhyl 7, Rvík

Par stendur yfir sýning á verkum Erlu Axelsdóttur, Helgu Ármannsdóttur, Elinborgar Guðmundsdóttur, Sigrúnar Gunnarsdóttur og Margrétar Salome. Galleríð er opið alla virka daga kl. 12–18.

### Bergvík

Kjalarnesi

Glerblástursverkstæðið í Bergvík, Kjalarnesi, heldur jólasölu á útlitsgölluðu gleri nú um helgina, 2. og 3. des. Opið laugardag kl. 10–17 og sunnudag kl. 10–15.

### Gallerí Birgir Andrésson

Vesturgötu 20

Hannes Lárusson sýnir ný verk unnin með blandaðri tækni. Galleríð er opið kl. 14–18 á fimmtudögum en á öðrum tímum eftir samkomulagi.

### Gallerí Fold

Laugavegi 118d

Par stendur yfir sýning á vatnslitamyndum Katrínar H. Agúsdóttur. Sýninguna nefnir listakonan Húsin þjú – Stjórmarsetrin. Í kynningarhorni gallerisins sýnir Ásdís Sigurðsdóttir verk unnin úr pappír. Galleríð er opið daglega kl. 10–18 nema sunnudaga kl. 14–18.

### Gallerí Geysir

Aðalstræti 2

Á morgun kl. 16 opnar sýning tveggja ungra myndlistarmanna, þeirra Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur og Söru Maríu Skúladdóttur en þessi sýning er jafnframt þeirra fyrsta sýning. Galleríð er opið alla virka daga kl. 9–23 og um helgar kl. 12–18. Sýningin stendur til 7. janúar.

### Gallerí Greip

Á morgun verður opnuð sýning í telfni af 100 ára afmæli myndasögunnar sem ber heitið „Nýjar myndasögur“. Sýndar eru nýjar myndasögur eftir íslenska höfundum. Opið daglega nema mánudaga kl. 14–18 og stendur sýningin til 17. desember.

### Gallerí Guðmundar

Ánanaustum 15,

Galleríð er opið virka daga kl. 10–18.

### Gallerí Helga Árnanesi

Hornafirði

Par stendur yfir samsýning. Sýningin er opin alla daga frá kl. 14–17 og stendur til 3. des. Þátt í sýningunni taka nokkrar af fremstu leirlistarkonum landsins. Þær eru Kogga, Steinunn Marteinsdóttir, Kolbrún S. Kjarval, Inga Elin, Rannveig Tryggvadóttir, Britta Berglund, Þóra Sigurðsdóttir og Helga Jóhannsdóttir. Helga Erlendsdóttir sýnir málaða kertastjaka úr tré.

### Gallerí, Ingólfsstræti 8

Ásgerður Búadóttir sýnir vefnað. Sýningin stendur til 22. desember og er opin frá kl. 14–18 alla daga nema mánudaga.

### Gallerí List

Skippholti 50b

Galleríð er opið alla daga kl. 11–18 nema laugardaga kl. 11–14. Sýningar í gluggum á hverju kvöldi.

### Gallerí Ríkey

Hverfisgötu 59

Sýning á verkum Ríkeyjar. Opið kl. 13–18 virka daga en laugardaga og sunnudaga kl. 13–16.

### Gallerí Stöðlakot

Bókhöðustíg 6

Messiana Tómasdóttir leikmyndaðhöfundur opnar sýningu á morgun sem hún nefnir Til sjöunda regnbogans. Sýningin stendur til 16. desember og verður opin daglega kl. 14–18.

### Gallerí Sævars Karls

Bankastræti 9

Par stendur yfir sýning á verkum Grétu Mjallar Bjarnadóttur. Myndirnar á sýningunni eru grafíkverk, koparætingar, þrykktar á pappír. Sýningin hefur heitið „Sögur“ og er opin á verslunartíma kl. 10–18 virka daga.

### Gallerí Úmbru

Amtmannsstíg 1

Írene Jensen grafíklistakona sýnir verk sín. Sýningin er opin þriðjud. til laugard. kl. 13–18, sunnud. kl. 14–18 og lokað á mánudögum. Sýningin stendur til 6. desember.

### Haukshús

Álftanesi

Lista- og menningarfélagið Dægradvöl stendur fyrir myndlistarkynningu í Haukshúsum sunnudaginn 3. desember kl. 15–18. Kynntur verður listamaður mánaðarins: Anna Ólafsdóttir Björnsdóttir. Hún sýnir málverk, grafík og saumuð verk. Sýningin verður opin til 8. desember kl. 15–18.

### Kaffi Milánó

Faxafeni 11

Markús Sigurðsson sýnir olíumálverk. Opið mánud. kl. 9–19, þriðjud., miðvikud. og fimmtud. kl. 9–23.30, föstud. kl. 9–1 og laugard. kl. 9–18.

### Kaffistígur

Rauðarárstíg 32

Á morgun opnar Magnea Ósk Óskarsdóttir sýningu á skúlptúrum.

### Kjarvalsstaðir

Í vestursal er sýning á íslenski samtímalist sem ber yfirskriftina Eins konar hversdagsrómantik.



Verk Messíönu er unnin með akr'yllitum á japanpappír og plexígler.

DV-MYND GVA

Messiana Tómasdóttir í Stöðlakoti:

# Til sjöunda regnbogans

„Ég geng út frá regnboganum og litum hans en þetta eru sjö verk en eitt þeirra samanstendur af sjö litlum verkum. Þetta eru alveg ný verk en galleríð kom upp í hendurnar á mér með litlum fyrirvara og ég fór í hugmyndir sem ég hafði verið að vinna með og útfærði þær,“ segir Messiana Tómasdóttir leikmyndaðhöfundur um myndlistarsýningu sína sem hún opnar í galleríinu Stöðlakoti við Bókhöðustíg á morgun.

un.

Verk Messíönu er unnin með akr'yllitum á japanpappír og plexígler og mynda til samans innsetninguna „Til sjöunda regnbogans“ en sjöundi regnboginn, hvíti regnboginn, geymir í sér alla liti litrófsins. Samnefnt tónverk, sem lýtur sömu lögmálum forms og lita og hin verkin, verður flutt af segulbandi á sýningartíma.

Messiana, sem er fædd 1940,

stundaði nám frá 1965–70 í grafík, textíl, leikmyndateiknun, brúðuleikhúsi og almennt myndlist í Myndlista- og handiðaskóla Íslands, Det jyske Kunstakademi og hjá Elinborgu Lützen í Færeyjum og 1980 í Institut de la Marionnette í Frakklandi.

Sýningin í Stöðlakoti stendur til 16. desember.



Verkin á sýningunni eru eftir bandarískar konur.

## Nýlistasafnið: Góðar stelpur/ slæmar konur

Viðhorf, góðar stelpur/slæmar konur (Attitudes, good girls/bad women) er yfirskriftin á síðustu sýningu Nýlistasafnsins í ár. Sextán bandarískar konur, allar myndlistarmenn og meðlimir í Artemisia Gallery í Chicagoborg, taka þátt í sýningunni sem verður opnuð á morgun.

Artemisia Gallery, sem rekið er af kvenkyns myndlistarmönnum, var stofnað árið 1973. Stofnun þess var andsvar við hefðbundnum sölugalleríum sem konur höfðu nánast engan aðgang að. Meginmarkmiðið var og er að efla og koma á framfæri myndlist eftir konur.

Skiptisýning milli Nýlistasafnsins og Artemisia hefur verið í undirbúningi í liðlega tvö ár en sex fulltrúar þeirra koma til landsins og munu gera stuttlega grein fyrir viðhorfum sínum á opnun sýningarinnar.

### Gallerí Geysir: Ásdís og Sara

Á morgun verður opnuð sýning tveggja ungra myndlistarmanna í Gallerí Geysi, þeirra Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur og Söru Maríu Skúladdóttur, en þessi sýning er jafnframt fyrsta sýning þeirra.

## Myndir Jóns Páls

Á Café 17 stendur nú yfir ljós-

myndasýning þar sem sýnd eru verk eftir Jón Pál Vilhelmsson tiskuljósmyndara.

## Sparisjóðurinn Garðabæ: Yfirlitssýning

Í telfni 20 ára kaupstaðarréttinda Garðabæjar 1. janúar nk. verður opnuð yfirlitssýning á myndlistarverkum í eigu bæjarins. Sýnt er í Sparisjóðnum í Garðabæ og hefst sýningin á morgun.

## Heimspæktir listamenn

Í Gerðubergi hefst í dag sýning á verkum margra heimspækttra listamanna sem sýnt hafa hjá málaranum Helga Þorgils Friðjónssyni í Gallerí Gangi undanfarin 15 ár. Alls eiga 19 listamenn verk á sýningunni.

## Myndlistarkynning á Álftanesi

Lista- og menningarfélagið Dægradvöl stendur fyrir myndlistarkynningu í Haukshúsum á Álftanesi á sunnudaginn. Kynntur verður listamaður mánaðarins, Anna Ólafsdóttir Björnsdóttir.

## Afmæli myndasögunnar

Í telfni af 100 ára afmæli myndasögunnar verða opnaðar tvær sýningar á morgun. Þær eru „Myndasögur í myndlist“ í sýningarsalnum Við Hamarinn í Hafnarfirði og „Nýjar Myndasögur“ í Gallerí Greip.

## Olíumálverk Margrétar

Í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, stendur nú yfir sýning á olíumálverkum Margrétar Elíasdóttur. Hún á að baki sjö ára listnám, þar af fjögur ár í MHÍ og tveggja ára fram-


haldsnám í Konstfackskolan í Stokkhólm.

Frá 1985 hefur Margrét aðallega fengist við málverkið og haldið margir sýningar en sína fyrstu einkasýningu hélt hún í Norræna húsinu árið 1977. Margrét er búsett í Svíþjóð en hefur til umráða vinnustofu í Reykjavík þar sem hún heldur einnig námskeið sem fjalla um leiðbeiningar í andlegum efnum.

## Skúlptúrar Magneu

Magnea Ósk Óskarsdóttir opnar fyrstu einkasýningu sína á morgun að Rauðarárstíg 33 en þar er Kaffistígur til húsa.

Listakonan sýnir þar 10–12 skúlptúra.



Sýning Ásgerðar Búadóttur heitir Þrettán stökur.

## Tímamótasýning Ásgerðar

Ásgerður Búadóttir opnaði sýningu á verkum sínum í Ingólfsstræti 8 í gær. Ásgerður er löngu landskunn fyrir vefnað sinn en þetta er ellefta einkasýning hennar.

Um tímamótasýningu er að ræða þar sem verkin eru mun minni en þau sem Ásgerður hefur hingað til verið þekkt fyrir.

Sýningin heitir Þrettán stökur og stendur til 22. desember.

## Sýningar

16 listamenn sýna. Þá er í miðrymi og forsölum yfirlitssýning á verkum Einars Sveinssonar arkitekts (1906–1973). Sýningin Kjarval – mótunarár 1885–1930 verður opin fram í desember. Opið kl. 10–18. Kaffistofa og safnverslun opin á sama tíma.

### Listasafn Einars Jónssonar

Njardargötu, sími 551 3797

Safnið er lokað í desember og janúar. Höggmyndagarðurinn er opinn alla daga. Inngangur er frá Freyjugötu.

### Listasafn Íslands

Frikirkjuvegi 7

Opið alla daga nema mánudaga kl. 12–18.

### Listasafn Kópavogs

Hamraborg 4

Margrét Elíasdóttir sýnir olíumálverk. Í Gerðarsafni sýnir Þorgerður Sigurðardóttir tréristur. Sýningarnar standa til 17. desember og eru opnar daglega kl. 12–18 nema á mánudögum.

### Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Laugarnestanga

Sýning á völdum andlitamyndum eftir Sigurjón Ólafsson „Þessir kollóttu steinar“ mun standa í allan vetur. Safnið er opið á laugardögum og sunnudögum kl. 14–17. Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma.

### Listhúsið í Laugardal

Engjateigi 17, sími 568 0430

Par stendur yfir myndlistarsýning á verkum eftir Sjöfn Har. Sýningin ber yfirskriftina „Íslensk náttúra, íslenskt landslag.“ Opið virka daga kl. 13–18 og laugardaga kl. 11–16.

### Menningarmiðstöðin Gerðuberg

Í dag verður opnuð í menningarmiðstöðinni Gerðubergi sýning á verkum margra heimspækttra listamanna sem sýnt hafa hjá málaranum Helga Þorgils Friðjónssyni í Gallerí Gangi undanfarin 15 ár. Alls eiga 19 listamenn verk á sýningunni. Sýningin stendur til 8. janúar. Myndlistarsýning Hlynns Hallssonar í Effinu stendur fram til áramóta. Sýningarnar eru opnar kl. 13–19 mánudaga til fimmtudaga og kl. 13–17 föstudaga til sunnudaga.

### Menningarstofnun

### Bandaríkjanna

Laugavegi 26

„Lífsgleði njóttu“ nefnist afmælisýning Þórðar frá Dagverðará. Sýningin stendur til 9. desember og er opin virka daga kl. 9–17 og kl. 14–18 um helgar.

### Mokka kaffi

Skólavörðustíg

Finnbogi Pétursson sýnir hijóskúlptúra sem hann tileikar höfundir Richtersskalans, Charles Frichter. Sýningin stendur til 8. desember.

### Nesstofusafn

Neströð, Seltjarnarnesi

Safnið opið á sunnudögum, þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum kl. 13–17.

### Norræna húsið

Í anddyri hússins er sýning á grafíkverkum eftir dönsku listakonuna Bertu Moltke. Sýningin er opin daglega kl. 9–19, nema á sunnudögum kl. 12–19. Sýningunni lýkur 3. desember.

„Samtímis“

Dagana 18. nóv. til 3. des stendur yfir sýning 5 myndlistarmanna. Listamennirnir eru Benedikt G. Kristbjörnsson, Elin P. Kolka, Gréta Mjöll Bjarnadóttir, Gréta Ósk Sigurðardóttir og Kristbergur Pétursson.

### Nýlistasafnið

v/Vatnsstíg

Á morgun kl. 16 verður sýningin „Viðhorf“ góðar stelpur/slæmar konur „Attitudes, good girls /bad women“ opnuð. Það eru sextán amerískar konur, allar myndlistarmenn og meðlimir í Artemisia gallery í Chicagoborg sem taka þátt í sýningunni. Sýningin er opin daglega kl. 14–18 og stendur hún til 17. desember.

### Póst- og símaminjasafnið

Austurgötu 11, Hafnarf., sími 555 4321

Opið sunnud. og þriðjud. kl. 15–18.

### Ráðhúsið

Síðustu dagar sýningar Gerðar Berndsen á vatnslitamyndum. Sýningin er opin daglega kl. 12–18 til 5. desember.

### Sparisjóðurinn í Garðabæ

Garðatorgi

Í telfni 20 ára kaupstaðarréttinda Garðabæjar 1. janúar 1996 verður opnuð yfirlitssýning á myndlistarverkum í eigu bæjarins. Um er að ræða myndir sem Garðabær hefur eignast í gegnum tíðina. Sýningin verður opin á opnunartíma Sparisjóðsins frá kl. 8.30 til 16 alla virka daga til 19. janúar.

### Við hamarinn

Hafnarfirði

Á morgun verður opnuð sýning í telfni af 100 ára afmæli myndasögunnar. Sýningin ber heitið „Myndasögur í myndlist“. Alls verða verk eftir um 15 íslenska myndlistarmenn. Sýningin er opin daglega nema mánudaga kl. 14–18 og stendur til sunnudagsins 17. desember.

### Þjóðminjasafnið

Opið sunnud., þriðjud., fimmtud. og laugard. kl. 12–17.

### Verslun Jens Guðjónssonar

Skólavörðustíg 20

Magnús Ólafur Kjartansson myndlistarmaður sýnir verk sín. Sýningin stendur til 2. desember og er opin á verslunartíma.